



Reykjavíkurborg

Læsi – lestur, æfing skilningur, iðni



Inga Mjöll Harðardóttir og Signý Gísladóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	3
4. Mat á verkefninu	3
5. Greinargerð um notkun styrkfjár	3
6. Kynning	3
7. Myndir úr skólastarfi	4

1. Inngangur

Aðalmarkmið verkefnisins er að efla læsi og þróa kennsluhætti í öllum námsgreinum í Hagaskóla. Annað markmið er að vera öðrum skólum fyrirmynd og leiðbeina þeim. Einn af grunnþáttum nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla er læsi í víðum skilningi. Þar sem lestur er lykill að öllu námi þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun að vera fjölbreytt og markviss. Þeim leiðum sem nota má í skólastarfi til þess að efla læsi nemenda hefur fjölgað og þeir hafa nú aðgang að ýmiss konar tækni til að nota í samskiptum og námi. Því er lögð áhersla á að nemendur læri að nýta sér nýjustu tækni til þess að efla lestur sinn og lesskilning auk þess sem áhersla verður lögð á þjálfun lesturs og ritunar í hefðbundnum skilningi. Margar þeirra aðferða sem unnið verður með í þágu læsis, svo sem samræða til náms, geta stuðlað að hæfni, sjálfstrausti og lýðræðisvitund nemenda. Eins og niðurstöður rannsókna hafa sýnt er verulega þörf á að efla lesskilning á unglingastigi. Margir nemendur lesa sér ekki til gagns og gefast upp fljótlega eftir að í framhaldsskóla er komið. Í Hagaskóla viljum við gera allt til þess að nemendur okkar verði tilbúnir til að takast á við það sem bíður þeirra að grunnskólanámi loknu. Nauðsynlegt er að virkja alla kennara í eflingu læsis allra nemenda skólans. Til þess að þetta gangi upp er nauðsynlegt að kennarar kynnist og tileinki sér bestu færur leiðir að þessu markmiði. Það teljum við best gert með því að hver kennari skoði viðurkenndar lesskilningsaðferðir í námsgrein sinni og skoði jafnframt þær aðferðir sem hann notar til þess að nemendur nái sem bestum árangri. Einnig má geta þess að markmiðið með læsi er ekki bara að efla námsárangur heldur auka almenna ánægju og að gefa lífinu meiri fyllingu.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

2.1 Einn af grunnþáttum nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla er læsi í víðum skilningi. Þar sem lestur er lykill að öllu námi þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun að vera fjölbreytt og markviss. Mikilvægt er að kennarar kynnist nýjustu færur leiðum til að ná þessum markmiðum.

2.2 Hugmyndafræði verkefnisins er að efla læsi í víðum skilningi í öllum námsgreinum og að það sé á ábyrgð allra kennara að efla læsi. Þetta byggir á þeirri hugmyndafræði að efling læsis og þróun kennsluhátta sé órjúfanleg heild.

2.3 Reglulegir fundir allra kennara skólans með sérfræðingunum Guðmundi Engilbertssyni og Ingvari Sigurgeirssyni. Þeir voru með erindi og námskeið um læsi annars vegar og þróun kennsluhátta hins vegar.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Reynslan er sú að það hefur orðið gjörbreyting á kennsluháttum í skólanum. Allir kennarar skólans hafa tekið virkan þátt í verkefninu og gera sér grein fyrir ábyrgð sinni á þessu sviði. Tengsl list- og verkgreina við bóklegar greinar hefur aukist verulega og mikil gerjun er í gangi í öllum þáttum skólastarfsins. Samvinna milli kennara hefur aukist og auðveldara er að koma til móts við nemendur. Eins og fram er komið hefur verkefnið tvinnast inn í allar námsgreinar og haft áhrif á kennsluhætti og heldur áfram að þróast og vera hluti af skólastarfinu.

4. *Mat á verkefninu*

Við teljum að öllum markmiðum sem lagt var upp með hafi verið náð og gott betur. Tekist hefur að tvinna verkefnið inn í allt skólastarfið þannig að það lifir og þróast áfram.

5. *Greinargerð um notkun styrkfjár*

Ferðakostnaðar fræðimanna. Laun sérfræðinga og verkefnisstjóra.


6. *Kynning*

Verkefnið var kynnt á ágústráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun árið 2015, bæði í aðalerindi og á málstofu. Einn þáttur verkefnisins verður kynntur á næstu ágústráðstefnu samtakanna. Þá stendur til að kynna verkefnið í vefriti um skólaþróun


7. Myndir úr skólastarfi



Verkefni úr Gísla sögu Súrssonar



Myndskreytt ljóð



Nemendur semja barnasögur fyrir leikskólabörn...



og flytja þær



Listadagar



Listadagar

<http://ruv.is/frett/eldudu-ur-mat-ur-ruslagamum-myndband>

Frétt á RÚV um verkefni 8. bekkina um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.